

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/1978
komudagur 6.5.2010

Athugasemdir við

Þskj 836 -485 mál.

Frumvarp til laga um breytingar á hjúskaparlögum og um brottfall laga um staðfesta samvíst (ein hjúskaparlög).

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009-2010.)

Undirrituð leggur til að 1. grein hjúskaparlaga sem gilda eiga fyrir alla Íslendinga hljóði svo:

Lög þessi gilda um hjúskap karls og konu sem og tveggja kvenna og tveggja karla.

Undirrituð leggur til að í II kafla hjúskaparlaga sem fjallar um hjónavígsluskilyrði og varða aldur hjónaefna standi í 7. grein:

Karl og kona, tvær konur og tveir karlar mega stofna til hjúskapar þegar þau/ þær/ þeir hafa náð 18 ára aldri.

Rökstuðningur

Í inngangi að athugasemdum höfundar lagafrumvarpsins sem hér er til umræðu er rakinn aðdragandi málsins og áform sitjandi ríkisstjórnar um að ein hjúskaparlög verði lögfest í landinu. Þeirri ætlun verður ekki andmælt af undirritaðri, einungis útfærslunni í nokkrum greinum. Þar skiptir 1. greinin mestu. Því eins og segir í athugasemd við 1. grein í kaflanum um athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins er þar "lögð til sú **breyting** sem felur í sér **kjarna** [feitltrun og undirstrikun undirritaðrar] frumvarpsins. Í stað ákvæðis núgildandi laga um að **hjúskaparlög** gildi um hjúskap karls og konu er lagt til að lögin gildi um hjúskap tveggja einstaklinga.

Við val á orðalagi kom til greina að orða ákvæðið svo að lögin giltu um hjúskap karls og konu og tveggja einstaklinga af sama kyni. Slíkt orðalag felur hins vegar í sér aðgreiningu. Það gefur **ranglega til kynna að einhver munur sé á hjónabandi eftir kyni** eða kynhneigð **hjúnaefna eða maka** [feitl. og undirstr. undirritaðrar] og viðheldur að einhverju leyti þeirri aðgreiningu sem, hefur verið fyrir hendi. Til að ná því jafnrétti sem að er stefnt þykir því mikilvægt að fjalla um hjúskapinn án þess að vísa til kyns."

Áður en ég rökræði málflutninginn hér að ofan leyfi ég mér að harma það að verri leiðin af þeim tveim sem til greina komu hafi verið valin við samningu frumvarpsins, sú sem efnir til áframhaldandi deilna og átaka í samfélaginu, í stað þess að skipa þeim þrenns konar pörum, sem um er að ræða í veruleikanum, saman á brúðarþekk, þar sem þau gætu setið hlið við hlið, **karl og kona** eins og verið hefur frá upphafi skipulegs samfélags manna, en að auki kona og kona og karl og karl. Það hefði verið í góðu samræmi við upphaflegan rökstuðning þeirra sem fóru fyrir réttindabaráttu samkynhneigðra og var

kallað að “opna hjónabandið” fyrir þeim. Eins og 1. grein frumvarpsins til nýrra hjúskaparlaga hljómar nú er hins vegar reynt að breyta KJARNA málsins og þar með að **leggja niður hjónaband karls og konu**. Karl og kona verða ekki lengur til í skilningi hjúskaparlaganna ef ætlun frumvarpshöfundar nær fram að ganga. Aðalpersónurnar í hjónabandinu verða lokaðar inni í skáp eða strikaðar út úr Sögunni.

En hversu lengi stendur stofnunin hjónaband án karls og konu? Til hvers er hún ef þau hafa engu hlutverki að gegna? Þeirri spurningu verða ábyrgir alþingismenn að svara áður en þeir afgreiða fyrirleggjandi frumvarp.

Konan, karlinn og samlíf þeirra er grundvöllur hjónabandsins

Konan og karlinn, samfarir þeirra og afkvæmið sem þeim fæddist, ósjálfbjarga, höfuðstórt **barnið**, laðaði í öndverðu fram það skipulag lífsháttanna sem þekkt er í öllum mannlegum samfélögum og kallast hjónaband eða hjúskapur á móðurmáli okkar. Það er grundvöllur eða KJARNI hjúskaparins sem ekki verður fram hjá gengið með orðalagsbreytingu í íslenskum lögum. Náttúrulögmál felur ekki í sér neina **mismunun** eða **aðgreiningu** sem unnt er að leiðrétta með orðalagi. Einstaklingar án kynferðis heyra til algjörra undantekninga. Karlinn og konan geta ekki leyst hvort annað af hólmi sem einstaklingar þegar kemur að getnaði, meðgöngu og fæðingu barns eða bjóstagið. Útþurrkun orðanna karl og kona úr hjúskaparlögunum verður því aðeins til þess að niðurlægja og meiða þá sem fram til þessa hafa gengið í hjúskap sem karlar og konur og getið af sér afkomendur og hún er lítilsvirðing á framlagi forfeðra okkar og formæðra til verndar og viðhalds lífs mannsins á jörðinni. Til framtíðar litið er orðalagsbreytingin auk þessa til þess fallin að aftengja hjúskapinn þekkingu á þróunarsögu hjónabandsins og það grillir sömuleiðis í tilburði til þöggunar á þekkingu um það hvernig börn verða til. Síðast en ekki síst verður ljóst af fyrirhuguðum breytingum á tengdum lögum, einkum barnalögum, að upptaka orðsins foreldri í stað móður og föður, virðist í senn ætlað að veikja stöðu, rétt og hlutverk föðursins gagnvart afkvæmi sínu og rétt barnsins til þess að þekkja jafnt föður sinn og móður.

Mannréttinasáttmálar

Í athugasemdum frumvarpshöfundar, kafla 3. um Grundvallarréttindi er minnst á tvo alþjóðasamninga sem Ísland hefur gerst aðili að. Þar segir svo orðrétt: „Rétturinn til að ganga í hjúskap er ein af grundvallarreglum mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1948. Skv. 16. gr. skal **konum** og **körllum** sem hafa aldur til þess að lögum, heimilt að stofna til hjúskapar og fjölskyldu. Þau skulu njóta jafnréttis um stofnun og slit hjúskapar, svo og í hjónabandinu.

Mannréttinasáttmáli Evrópu frá árinu 1950 hefur lagagildi á Íslandi, sbr. lög nr. 62/1994. Skv. 12. gr. mannréttinasáttmálans eiga **karlar** og **konur** á hjúskaparaldri rétt til að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu í samræmi við landslög um þessi réttindi.“

Hvorug þessara fjölþjóðlegu mannréttindayfirlýsinga talar um að rétturinn til að ganga í hjúskap sé bundinn við einstaklinga. Það eru **karlar** og **konur** á tilskyldum aldri sem hafa rétt til þess. Það brýtur því **augljóslega í bága við mannréttindayfirlýsingu**

Sameinuðu þjóðanna og mannréttindasáttmála Evrópu að samþykkja hjúskaparlög án þess að geta um karla og konur sem aðila hjónabandsins. Hitt getur vel verið í anda þeirra að lög í einstökum aðildarríkjum geti látið hjúskaparheimildina ná að auki til tveggja karla og tveggja kvenna ef grundvallarreglan um karlinn og konuna er í heiðri höfð.

Skilgreining hjónabandsins

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna og mannréttindasáttmáli Evrópu tjá báðir þá almennu reglu sem gildir um nær allan heim að hjónabandið sé samfélagslega viðurkennd stofnun um samband karls og konu þar sem vænst er að börn geti fæðst og alist upp.

Breski heimspekingurinn Bertrand Russell orðaði þetta þannig í riti sínu *Marriage and Morals*: „it is through children alone that sexual relations become of importance for society, and worthy to be taken cognizance of by a legal institution.“ (Það er aðeins fyrir börnin sem kynlífssambönd skipta máli fyrir samfélagið og þörf er á að viðurkenna þau að lögum.) Og: „The main purpose of marriage is to replenish the human population of the globe.“ (Megintilgangur hjónabandsins er að viðhalda mannlífinu á jörðinni.)¹

Í athugasemdum frumvarpshöfundar segir svo í kafla 5 sem ber heitið **Staðfest samvist eða hjónaband. 5, 4 Ein hjúskaparlög fyrir alla.**

„Ljóst er að hjúskapur á sér djúpar rætur í löggjöf og menningu. Grunnstoðir hjónabandsins eru hugmyndir um gagnkvæma ást, festu og varanleika sem þykja æskileg skilyrði lífshamingjunnar.“

Af ofansögðu sést að umtalverður munur er á skilgreiningum heimspekingsins frá fyrri hluta 20. aldar og þess sem frumvarpshöfundur telur til grunnstoða hjónabandsins. Jafn ljóst er að Bertrand Russell er mun nær því sem segir í mannréttindayfirlýsingu SP og Evrópu um fyrirbærið en lektorinn í sífja- og erfðarétti við lagadeild Háskóla Íslands. Russell gerir ráð fyrir kynlífi karls og konu og afleiddum barneignum sem rúmast verði innan laganna, **sífjafræðingurinn sneiðir hjá hvoru tveggja og þar með sjálfum sífjunum í sinni skilgreiningu.** Þar sem mannréttindayfirlýsingarnar ræða um réttinn til hjúskapar er hvorki minnst á ást né lífshamingju, það er heldur ekki gert í þeim mikla bálki sem hjúskaparlögin íslensku eru. Lögin fjalla ekki umtilfinningalíf manna, þau fjalla um atferli og gerðir, kynlíf, börn, uppeldisskyldur, jafnrétti, samstarf, trúmennsku, gagnkvæma framfærsluskyldu „í blíðu og stríðu“, eignir, skuldir, hjúskaparslit, erfðir osfrv. Þarna liggja grunnstoðir hjónabandsins. Það er vissulega bæði satt og rétt að gagnkvæm ást og virðing hefur mikla þýðingu fyrir að vel takist til við þetta fyrirtæki. Hjón vonast eftir að uppskeran færi lífshamingju, en hún er ekki grunnstoð sem lögin geta tryggt eða náð yfir.

Ein hjúskaparlög fyrir alla Íslendinga

¹ Tilvitnunin er fengin úr *The Future of Marriage* eftir David Blankenhorn bls. 17. Encounter Books New York 2007. Lausleg þýðing undirritaðrar.

Enginn vafi er á því að réttindabarátta samkynhneigðra undanfarna þrjú áratugi hefur skilað þeim sem hópi miklum réttarbótum og auðgað og dýpkað umræðuna um mannréttindi. Sýnileiki og samfélagsleg virðing þeirra hefur vaxið jafnt og þétt og mismunur á grundvelli kynhneigðar er óleyfileg. Áföngunum í réttindabaráttunni er að mínu mati vel lýst í athugasemdum höfundar við frumvarpið einkum baráttunni fyrir því að fá sambúð tveggja karla og tveggja kvenna metna og virta til sömu réttinda og sambúð karls og konu, þar með talinn réttinn til þess að ala upp og ættleiða börn og rétt lesbískra kvenna í sambúð til tæknifrövgunar. **Þar er þó fyrir hendi vafi um að réttur barna sem þannig verða til sé að öllu leyti tryggður og sambærilegur við rétt barna þar sem faðerni er viðurkennt og þekkt.** Lokaáfanginn í réttindasókn samkynhneigðra hefur á allra síðustu árum snúist um sjálft hjónabandið og kröfuna um ein hjúskaparlög fyrir alla sem fyrirliggjandi frumvarp vitnar um. Harðar og illvígar deilur hafa staðið um hjónabandið við trúarsöfnuði landsins, einkum þjóðkirkjuna, vegna þess að kirkjan hefur um aldir verið helsti handhafi skilgreiningarinnar á hjónabandinu og að auki haft vígsluréttinn með höndum. **Hins vegar hefur algjörlega farist fyrir að ræða hjónabandsskilninginn með formlegum hætti við þá aðila sem fyrir eru í hjónabandinu, karlinn og konuna sem nú stendur til að þurrka út úr lögum að heita má þegjandi og hljóðalaust.** Engin starfandi hagsmunasamök karla og kvenna í hjúskap eru til í landinu, engir hollvinir hjónabandsins sem gætu talað fyrir munn þeirra í baráttunni um skilgreiningu á samfélagslegu hlutverki þess. Dagsetning er að auki ákveðin fyrirfram fyrir gildistöku laganna til þess að undirstrika lokasigur samkynhneigðra (á gagnkynhneigðum?). Sigurinn skal innsiglaður með hinni nýju skilgreiningu hjónabandsins. Þar sem enginn er karl og engin kona. Og storkurinn kemur fljúgandi með börnin.

Eins og ég hef bent á hefur enginn formlegur samræðugrundvöllur verið skapaður milli þeirra aðila sem sækja á hjónabandið og hinna sem fyrir eru í því. Engum leyfist að kalla sig talsmann hjónbandsstofnunarinnar sem veraldlegs fyrirtækis. Ég get því ekki mótmælt áformaðri nýrri skilgreiningu á hjónabandinu nema sem einstaklingur, kona sem hef verið í hjúskap í 42 ár, gengið með og alið þrjú börn, annast þau til fullorðinsaldurs og er nú fjögurra barna amma, sem sinnir barnabörnunum eftir föngum. Ég vil ekki láta lítilsvirða lífshlutverk mitt í lögum sem banna að ég sé kölluð kona. Ég vil heldur ekki að maðurinn minn, faðir barna minna og afi barnabarnanna sé sviptur réttinum til að vera og kallast karl í skilningi laganna. Við erum vissulega einstaklingar á vinnumarkaði og í félagslífi, en í hjónabandinu erum við karl og kona eins gilt hefur frá ómunatíð. Ég endurtek tillögu mína þess efnis að ef ein hjúskaparlög eiga að vera fyrir alla Íslendinga þá hljómi 1. grein þeirra svo:

Lög þessi gilda um hjúskap karls og konu sem og tveggja kvenna og tveggja karla.

Reykjavík 5. maí 2010

Virðingarfyllst

Steinunn Jóhannesdóttir

Kt. 240548-3489